

Um 6—7) Skammaryrði og ærumeiðandi aðdróttanir um rannsóknardómarann eru ekki marktæk rök fyrir kröfugerð, enda gera skammaryrði um dómara hann ekki vanhæfan til að fara með mál.

Um skírskotun til 1. mgr. 7. tl. 36. gr. einkamálalaga, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga 74/1974, er það að segja, að ekki er dómara kunnugt um, að neitt það, er segir í þessum tölulið, geti átt við hann, enda ekkert það komið fram í málinu, sem renni stoðum undir slíkan skilning.

Skírskotun til 10. gr. laga 74/1974, sem fjallar um meðdómendur, á ekki við.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður krafa Tómasar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns f. h. Björns Vilmundarsonar ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Krafa Tómasar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns f. h. Björns Vilmundarsonar verður ekki tekin til greina.

Priðjudaginn 21. febrúar 1978.

Nr. 163/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Matthíasi Johannessen

Styrmi Gunnarssyni og

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Sigmund Jóhannssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Opinberir starfsmenn. Ærumeiðingar. Miskabætur.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Fyrir Hæstarétti lýsti ríkissaksóknari því yfir, að fallið væri frá 3. tl. kröfugerðar í ákæru um birtingu forsendna og niðurstöðu dóms í Morgunblaðinu. Kemur þessi krafa því eigi til álita við úrlausn máls þessa fyrir Hæstarétti.

Ákærði Sigmund Jóhannsson hefur viðurkennt að hafa teiknað myndir þær, sem mál þetta er af risið, og samið texta þá, sem undir þeim eru. Þegar hann var yfirheyrður í saka-dómi 16. september 1976, kvaðst hann alls hafa teiknað 2400 myndir fyrir Morgunblaðið, en myndirnar merki hann með skírnarnafni sínu, Sigmund, númeri, dagsetningu og síðasta tölustaf í ártali því, sem við á. Eru báðar myndir þær, sem mál þetta fjallar um, þannig merktar. Á fyrri myndina, sem birtist 8. ágúst 1976, er skráð „1933 23 6“, en á þá síðari, sem

7

birtist 2. september 1976, „1959 24 6“. Er fyrri myndin sam-

8

kvæmt þessu 1933. mynd, sem hann hefur teiknað fyrir Morg-unblaðið, og sú síðari 1959.

Kærandi málsins, Karl Schütz, er fyrrverandi þýskur rann-sóknarlögreglumaður. Kom hann hingað til lands eftir ósk íslenskra stjórnvalda til starfa sem sérfræðilegur ráðunautur sakadómaraembættisins í Reykjavík við rannsókn tiltekinnna refsímála. Verður hann því talinn opinber starfsmaður í skilningi 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og nýtur verndar greinarinnar vegna þessara starfa, sbr. og 3. mgr. 106. gr. laganna.

Þegar virtar eru myndir þær, sem ákæra fjallar um, og textar þeir, sem þeim fylgja, er ljóst, að þær eru birtar í til-efni af framangreindum störfum hans, sem mjög mikla at-hygli vöktu. Í héraðsdómi er að finna lýsingu á myndunum. Þykja þær fela í sér aðdróttanir í garð kæranda, Karls Schütz, svo að varðar 108. gr. almennra hegningarlaga.

Þótt ákærði Sigmund hafi auðkennt myndir sínar, sem um langan tíma hafa birst í Morgunblaðinu, með skírnarnafni sínu, verður eigi talið, að hann hafi nafngreint sig nægilega á þeim tveim myndum, sem mál þetta varða, til að bera refsi-og fébótaábyrgð á þeim samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr.

57/1956 um prentrétt. Verður hann því sýknaður af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Ákærðu Matthías Johannessen og Styrmir Gunnarsson voru ritstjórar Morgunblaðsins, er margnefndar tvær myndir birtust þar, svo sem greinir í blaðinu sjálfu. Þar eð höfundur mynda og texta nafngreindi sig ekki samkvæmt framan-sögðu með fullnægjandi hætti, bera þeir refsí- og fébóta-ábyrgð á birtingu myndanna, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Við mat á ákvörðun refsingar þeirra samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga ber að taka tillit til þess, að af hálfu ritstjórnar Morgunblaðsins var birt á áberandi stað í blaðinu yfirlýsing hinn 9. september 1976, þar sem borin var fram afsökun til kæranda vegna framangreindra mynda, og enn ber að hafa í huga, að myndir þessar voru birtar sem skopmyndir. Samkvæmt þessu þykir refsing þessara ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Fallast má á þá úrlausn héraðsdóms, að vararefsing verði ekki ákveðin, sbr. 53. gr. almennra hegningarlaga, svo sem henni hefur verið breytt með 7. gr. laga nr. 101/1975.

Rétt þykir að dæma ákærðu Matthías og Styrmi til að greiða óskipt 75.000 krónur í fébætur til kæranda, Karls Schütz.

Dæma ber ákærðu Matthías Johannessen og Styrmi Gunnarsson óskipt til að greiða 2/3 hluta sakarkostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með taldir 2/3 hlutar saksóknarlauna til ríkissjóðs, 80.000 krónur, auk allra málsvarn-arlauna skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, samtals 150.000 krónur. Úr ríkissjóði ber að greiða 1/3 hluta sakar-kostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin 1/3 hluta saksóknarlauna, 40.000 krónur, auk allra máls-varnarlauna skipaðs verjanda ákærða Sigmunds Jóhannsson-ar fyrir báðum dómum, samtals 150.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði Sigmund Jóhannsson á að vera sýkn af öllum kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er

varðar refsingu ákærðu, Matthíasar Johannessen og Styrmis Gunnarssonar.

Ákærðu Matthías Johannessen og Styrmir Gunnarsson greiði óskipt Karli Schütz 75.000 krónur.

Ákærðu Matthías Johannessen og Styrmir Gunnarsson greiði óskipt 2/3 hluta alls sakarkostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með taldir 2/3 hlutar sak-sóknarlauna til ríkissjóðs, 80.000 krónur, auk allra málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmans, samtals 150.000 krónur.

Úr ríkissjóði greiðist 1/3 hluti sakarkostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talinn 1/3 hluti sak-sóknarlauna, 40.000 krónur, auk allra málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða Sigmunds Jóhannssonar fyrir báðum dómum, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, samtals 150.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að ég tel refsingu ákærðu Matthíasar Johannessen og Styrmis Gunnarssonar, hvors um sig, hæfilega ákveðna 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 4 daga varðhald í stað hvorrar sektar, verði þær eigi goldnar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, enda á lokaákvæði 7. gr. laga nr. 101/1976 hér ekki við.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. maí 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 12. maí, var á dómþingi í sakadómi Reykjavíkur, sem háð var í þingsal bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði af Má Péturssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu: Ákærvaldið gegn Matthíasi Jóhannessen, Styrmir Gunn-

arssyni og Sigmund Jóhannssyni, en málið var tekið til dóms hinn 19. fyrri mánaðar.

I.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 7. október 1976, a hendur ritstjórum Morgunblaðsins, þeim Matthíasi Jóhannessen, Reynimel 25 A, Reykjavík, fæddum 3. janúar 1930 í Reykjavík, og Styrmi Gunnarssyni, Marbakka, Kópavogi, fæddum 27. mars 1938 í Reykjavík, svo og á hendur Sigmund Jóhannssyni, Brekastíg 12, Vestmannaeyjum, fæddum 22. apríl 1931 í Gratangen, Troms-fylki, Noregi.

Er ákærðu gefið að sök að hafa með gerð og birtingu tveggja mynda, sem birtust í Morgunblaðinu 8. ágúst og 2. september 1976, gerst brotlegir við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem myndir þessar, sem ákærði Sigmund teiknaði, feli í sér móðganir og ærumeiðandi aðdróttanir um opinberan starfsmann, þjóðverjann Karl Schütz, sérfræðilegan ráðunaut sakadóms Reykjavíkur og rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík við rannsókn sakamála, út af því starfi hans.

Þess er krafist:

1. Að ákærðu verði dæmdir til refsingar.
2. Að ákærðu verði dæmdir til greiðslu kr. 700.000 í miskabætur til handa Karli Schütz.
3. Að ákærðu Matthíasi og Styrmi verði dæmt skylt að birta forsendur og niðurstöður dóms í máli þessu í Morgunblaðinu, fyrsta eða öðru tölublaði, sem út kemur eftir að dómur er birtur ákærðu, sbr. 22. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956.
4. Að ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu ákærðu er þess krafist, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Jafnframt krefjast ákærðu málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Ákærðu höfðu uppi kröfu um frávísun málsins, en með úrskurði, uppkveðnum 3. febrúar sl., var þeirri kröfu hrundið.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að Karl Schütz, fyrrverandi deildarforseti í rannsóknarlögreglu Sambandslýðveldisins Vestur-Þýsklands, var í júlí 1976 ráðinn til starfa við sakadómaraembættið í Reykjavík til þess sem sérfræðilegur ráðunautur að starfa með

rannsóknarlögreglunni í Reykjavík við rannsókn tiltekinna sakamála, sem reynst höfðu sérlega umfangsmikil og torveld í rannsókn.

Með bréfi, dagsettu 3. september 1976, kærði nefndur Karl Schütz birtingu tveggja teikninga, er birst höfðu í Morgunblaðinu, hin fyrri 8. ágúst sl. og sú síðari hinn 2. september sl.

Kæranda fórust svo orð við sakadómsrannsókn um fyrri teikninguna (þýðing dómtúlks): „Skopteiknarinn sýnir Gestapomann með afarstóra skammbyssu, pyntingasvipu og hund, sem virðist afar grimmur.

Á einkennisbúningnum er ermaborði með hakakrossi á, en það var einkennismerki nasistaflokksins þýska, NSDAP. Auk þess sést greinilega Hitlersskegg.

Með undirskriftinni undir myndinni: „Áttir þú nokkuð von á óvinsamlegri kveðju frá dómsmálaráðherra, góði?“ er lesandanum gefið í skyn, að maðurinn á myndinni muni framkvæma rannsóknir sínar með alþekktum ruddalegum aðferðum Gestapo lögreglunnar, sem ollu ótta og skelfingu.

Með hliðartexta á myndinni „Þjóðverji var ráðinn til starfa“ og „Vestur-þýski rannsóknarlögregumaðurinn Karl Schütz“ er ótvírætt sýnt, að teikningin er af mér“.

Um síðari teikninguna lét kærandi eftirfarandi orð falla:

„Teikningin sýnir mann í einkennisbúningi, en á kruga einkennisbúningsins eru bæði hakakross og SS rúnir. Það, að maðurinn er hulinn í dúk, og undirtexta, gefa til kynna, að um sé að ræða leynilögregluþjón nasista. Með áletruninni Karl Schütz á stöpli myndarinnar er sýnt á ótvíræðan hátt, að myndin á við mig.

Ærumeiðingin fellst að mínu áliti í því, að ég sem þjóðverji er grunaður um að hafa verið lögregluþjónn undir einræðisstjórn nasista og sé þess vegna reiðubúinn til þess að framkvæma rannsóknir, sem eru faldar á þann hátt, sem hvorki tekur tillit til laga né réttar.

Þeir, sem töldust til Gestapo og SS, eru um allan heim þekktir sem ærulausir og grimmir, sérstaklega ruddalegir, handlangarar einræðisstjórnar nasista og þess vegna fyrirlitnir. Auk þess felldi alþjóðlegur dómstóll í Nürnberg þann dóm, að Gestapo í heild hefðu verið glæpsamleg samtök.

Grófari ærumeiðingu fyrir lögregluþjón er algjörlega óhugsandi.

Á liðnum tíma, þ. e. eftir stríð, hafa í Þýskalandi margir með-

limir Gestapo verið dæmdir sem morðingjar og stríðsglæpamenn“.

III.

Pegar ákærði Sigmund kom fyrir dóm undir rannsókn málsins, upplýsti hann, að hann væri teiknari hjá Morgunblaðinu og teiknaði skopmyndir, er birtust daglega í blaðinu. Kvaðst hann hafa teiknað báðar myndir þær, er hér um ræðir, og einnig samið textana, er birtust með myndunum, allt án samráðs við ritstjóra blaðsins, enda kvaðst hann hafa algerlega frjálsar hendur um efnisval varðandi myndir sínar.

Ákærðu Matthías Jóhannessen og Styrmir Gunnarsson eru ritstjórar Morgunblaðsins, en Árvakur h/f er útgefandi þess.

Pegar fyrri teikningin birtist, hinn 8. ágúst, gegndi ákærði Matthías ritstjórástörfum, en ákærði Styrmir var í sumarleyfi. Ákærði Matthías kvaðst, er hann kom fyrir dóminn, ekki hafa séð umrædda teikningu fyrr en er blaðið kom út, enda kvað hann það undantekningu, að slíkar teikningar væru bornar undir ritstjórana. Hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að neinn tæki þessa skopmynd alvarlega, fyrr en ráðuneytisstjórinn í dómsmálaráðuneytinu hefði hringt í sig, að því er hann minnti daginn eftir að teikningin birtist. Kvað hann ráðuneytisstjórnann hafa óskað eftir samtali við sig um umrædda teikningu, og taldi hann það hafa komið fram í orðum ráðuneytisstjórans, að Karl Schütz hefði fundið að og kvartað yfir birtingu hennar.

Ritstjórinn Matthías kvaðst hafa verið á förum í sumarleyfi og óskað eftir því við ráðuneytisstjórnann, að hann talaði um þetta mál við ritstjórnann Styrmir Gunnarsson, sem væri í þann veginn að koma úr sumarleyfi til ritstjórnarstarfa.

Ákærði Styrmir bar, að hann hefði, meðan hann var í sumarleyfi, séð fyrri teikninguna í Morgunblaðinu. Eftir að hann var kominn úr sumarleyfi og tekinn við ritstjórn, eða um miðjan ágúst, hefði ráðuneytisstjórinn í dómsmálaráðuneytinu tjáð sér „að V-þýski rannsóknarlögreglumaðurinn Karl Schütz væri mjög reiður vegna birtingar skopmyndar af honum í Morgunblaðinu skömmu áður og hefði orðað að hefja mál á hendur Morgunblaðinu vega þessarar birtingar“. Jafnframt kvað ákærði Styrmir ráðuneytisstjórnann hafa skýrt sér frá því, að það væri talið óheppilegt með hliðsjón af eðli starfa Karls Schütz hér á landi, að málarekstur hæfist út af þessu. Hefðu samstarfsmenn Karls Schütz hjá sakadómi Reykjavíkur og rannsóknarlögreglunni

reynt að sannfæra Schütz um það, að hér væri um gamanmál að ræða og enginn Íslendingur tæki þessa teikningu svo, að með henni væri gefið í skyn, að Karl Schütz ætti sér fortíð sem nasisti.

Kvaðst ákærði Styrmir hafa sagt ráðuneytisstjóranum, „að það kæmi ekki til mála að ritskoða teiknarann Sigmund, þótt maður úti í bæ móðgaðist vegna mynda hans“. Síðan segir í framburðinum: „Hins vegar sagði mér ráðuneytisstjóranum, að það væri alveg sjálfsagt að sýna hlýhug Morgunblaðsins til starfa Karls Schütz hér á landi, og í samræmi við það skrifaði mér í Reykjavíkurbref Morgunblaðsins, þar sem rakinn var starfsferill Karls Schütz í Þýskalandi og farið viðurkenningarorðum um störf hans hér. Taldi mér málið vera úr sögunni. Nokkrum dögum seinna kom til mættu umsjónarmaður Dagbókar Morgunblaðsins og sýndi honum tvær myndir frá Sigmund. Kvaðst hann hafa heyrt, að Karl Schütz væri mjög reiður vegna myndabirtingar af sér, og spurði, hvort myndir þessar ættu að birtast. Mér tjáði honum, að reiði Karl Schütz stöðvaði ekki birtingu mynda í Morgunblaðinu. Á annari myndinni tók mér ekki eftir neinum einkennum þýskra nasista, en á hinni var hakakrossmerki á handlegg persónunnar á myndinni“.

Það virðist hafa verið rétt eftir þennan atburð sem síðari myndin birtist í Morgunblaðinu, hinn 2. september 1976.

Í framburði ákærða Styrmis kemur loks fram, að eftir að síðari myndin birtist, hafði ráðuneytisstjórinn í dómsmálaráðuneytinu enn samband við hann, taldi, að samningar þeirra í milli hefðu ekki staðist og að í myndunum væru fólgin hin örgustu meiðyrði. Stöðvaði þá ákærði Styrmir birtingu þriðju myndarinnar, sem fyrir lá, hringdi í ákærða Sigmund og sagði honum, að hann gæti ekki birt hana. Kvað Styrmir Sigmund hafa þakkað sér fyrir og sagt, að sér þætti verst að hafa ekki vitað þetta áður, því færi fjarri, að hann vildi móðga Karl Schütz. Kvað ritstjórinn Sigmund hafa beðið sig að koma skilaboðum þessa efnist til Karls Schütz. Hinn 9. september 1976 birtist síðan í Morgunblaðinu afsökunarbeiðni, svohljóðandi:

„VESTUR-þýski rannsóknarlögreglumaðurinn Karl Schütz hefur gert athugasemd við birtingu tveggja teikninga eftir Sigmund í Morgunblaðinu hinn 8. ágúst og 2. september sl. með yfirlýsingu, sem birt var hér í blaðinu sl. þriðjudag, og kæru til saka-dóms.

Af þessu tilefni vill Morgunblaðið taka fram, að það var hvorki ætlun blaðsins né Sigmunds að gefa í skyn, að Karl Schütz hefði

átt aðild að þýzka nazistaflokknum eða leynilögreglu nazista, Gestapó, eða valda honum sársauka og óþægindum. Morgunblaðið biður því Karl Schütz afsökunar á birtingu þessara teikninga.

Bæði Morgunblaðið og Sigmund telja það miklu máli skipta að svo reyndur rannsóknarlögreglumaður hefur fengizt til starfa hér og óska honum farsældar í þeim störfum.

Styrmir Gunnarsson, ritstjóri.“

Það atriði, að birting síðustu myndarinnar var stöðvuð þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar um, að „ekki kæmi til mála að ritskoða teiknarann Sigmund“, skýrði ritstjórinn Styrmir nánar svo:

„Eftir nokkrar umræður þeirra í milli kom þar að mætti sagði ráðuneytisstjóranum, að hann stöðvaði hvorki birtingar á myndum né greinum í Morgunblaðinu, nema mætti telji, að um ærumeiðingar væri að ræða. Baldur Möller sagði þá, að hann telji myndir Sigmunds af Karli Schütz hin örgustu meiðyrði. Mætti kvaðst ekki hafa hugsað um þetta mál á þeim forsendum, en mundi nú bera mynir þessar undir lögfræðinga Morgunblaðsins. Ef þeir teldu, að um meiðyrði væri að ræða, mundi hann stöðva birtingu á þriðju myndinni, sem enn var óbirt. Ef þeir teldu hins vegar, að ekki væri um að ræða meiðyrði, yrði myndin birt. Kvaðst mætti telja þetta sanngjarna niðurstöðu, og það hann fyrir skilaboð þessa efnis til Karls Schütz. Morguninn eftir, skömmu áður en mætti hugðist ræða við lögfræðinga Morgunblaðsins, kom til hans ungur laganemi og afhenti honum ljósrít af hæstaréttardómi frá árinu 1964, þar sem Einar Olgeirsson, fyrrum alþingismaður, var dæmdur í sektir fyrir að líkja ritstjóra Morgunblaðsins við Jósef Göbbels og Adolf Eichmann, þekktan böðul nasista. Þótti mætta nú sýnt, að um meiðyrði gæti verið að tefla í myndum Sigmund af Karli Schütz.“

Í sömu yfirheyrslu tók ritstjórinn einnig fram, að sér hefði, þegar hér var komið, verið kunnugt um, án þess þó að það hefði haft áhrif á, að hann birti yfirlýsinguna hinn 9. september, að Karl Schütz hafði þá sent forsætisráðherra landsins bréf sem stjórnarformanni í útgáfufélagi Morgunblaðsins og tilkynnt honum, að ef birtingu slíkra mynda linnti ekki, þá neyddist hann til að láta af störfum sínum hér á Íslandi.

IV.

Af hálfu ákærðu hefur verið tekið til varna í málinu, og hafa lögmenn þeirra lagt fram ítarlegar skriflegar varnir. Byggja þeir á sömu varnarástæðum að öðru leyti en því, að ákærði Sig-

mund krefst sýknu, þar sem það sé einvörðungu birting myndanna, en ekki gerð þeirra, sem sé refsiverð og/eða saknæm, ef um refsinaemi og saknæmi sé á annað borð að tefla. Sigmund hafi gert myndirnar sem starfsmaður blaðsins. Á birtingu þeirra beri hann enga ábyrgð. Ritstjórnir á hinn bóginn halda því fram, að þar sem höfundur myndanna hafi nafngreint sig nægilega, þá beri hann samkvæmt ábyrgðarröð 15. gr. prentлага nr. 57/1956 einn ábyrgð á umræddum myndum. Í nefndri lagagrein felist frávík frá hinum almennu reglum refs- og skaðabótaréttarins. Ábyrgðin geti samkvæmt því ekki fallið á alla ákærðu saman. Ef um ábyrgð sé að ræða, þá falli hún á eftir röð, þannig að þeir, sem koma á eftir hinum ábyrga, séu vítalausir. Uppfylli höfundurinn skilyrði til ábyrgðar, séu hinir lausir.

V.

Að öðru leyti en að framan greinir falla varnarmálsástæður ákærðu saman. Þær eru í aðalatriðum þessar:

1. Karl Schütz líti svo á, að myndir þær, sem birtar voru í Morgunblaðinu, séu af honum persónulega. Þetta sé alrangt. Myndirnar líkist honum ekkert og geti hann því á þeim grundvelli alls ekki tekið þær til sín. Í öðru lagi dragi hann þá ályktun, sem líka sé röng, að hakakross á handlegg mannsmyndarinnar og ógreinilegt SS merki í treyjuboðungi hinnar myndarinnar feli í sér aðdróttanir um það, að hann hafi verið nasisti. Ef það eitt að teikna mann með þessu merki á klæðnaði sínum sé talið meiðandi eða móðgandi, geti velflestir þýskir karlmenn, sem voru á herskyldualdri á stríðsárunum, tekið það til sín og sé því ekki um móðgun að ræða gagnvart neinum sérstökum einstaklingi. Myndirnar séu ekki teiknaðar af Karli Schütz, heldur eigi þær að sýna þjóðverja.

Karl Schütz lýsi yfir því í bréfi sínu til sakadóms, að hann hafi aldrei verið félagsmaður í nasistaflokknum né í neinum samtökum, sem heyrðu undir hann. Hins vegar segi hann ekkert um, hvort hann hafi verið hermaður á stríðsárunum og hvort hann sem slíkur hafi borið hakakrossmerki á einkennisbúningi sínum. Æskilegt hefði verið, að slíkt væri upplýst, því ef svo færi, að dómurinn teldi myndirnar eiga við Karl Schütz og vera af honum, og ef dómurinn teldi, að í þeim felist aðdróttanir eða móðganir, þá dragi það úr refsihæðinni, ef sá, sem telur misgert við sig, hafi raunverulega borið þetta merki, sbr. 236. og 237. gr. hegningarлага.

2. Verjendur benda á, að í máli þessu séu ákærðu gefnar að sök tvær skopmyndir og talið ranglega, að í þeim felist aðdróttanir um refsiverðan verknað þess, sem ranglega telji sig teiknaðan. Það sé út af fyrir sig rannsóknarefni, hvort telja megí skop yfirleitt saknæmt. Í því sambandi sé vert að hafa í huga, að sé um skopmynd að ræða (eða skop í lausu máli eða bundnu), skorti í flestum tilvikum alveg þá forsendu fyrir refsinaemi verknaðar, að hann sé unnin í þeim tilgangi að valda manni miska. Skopið sé einmitt þannig, að í því felist, að gaman sé gert að hlutunum. Sá, er geri skopið, geri það yfirleitt ekki í illum tilgangi, heldur öfugt. Alls ekki sé þar að baki meinhugur. Skorti þá subjectívt séð skilyrði fyrir refsinaemi samkvæmt 108. gr. hgl., þótt öðrum skilyrðum greinarinnar hefði verið fullnægt.

Verjendur vitna í fræðirit dr. Gunnars Thoroddsen, Fjölmæli, þar sem höfundur vísar að skopblöðum og skopleikjum og hugmyndum erlendra fræðimanna í því sambandi og segir: „Skopið getur borið vitni um lítilsvirðingu og falið í sér aðdróttanir. En það skilur skopið í slíkum blöðum og leiksýningum frá venjulegum ærumeiðingum, að yfirleitt leggja lesendur eða áhorfendur ekki þann skilning í, að ærumeiðandi sé, taka skopið ekki alvarlega, það vekur ekki ærumeiðandi hugmyndir. Staðfestist þessi skilningur af þeirri reynslu víða, hve sjaldgæft er, að sótt sé til saka út af skopblöðum og skopleikjum. Krabbe kemst svo að orði: „Vittighedspressen har et næsten uindskrænket Frisprog“. Andenæs segir um „revy-viser og karikaturtegninger“, að „her fører samfunnsopfatningen til at det må trækkes meget rummelige grænser“. Það, sem sagt er um skopblöð og skopleiki, á við um skopmyndir, eftirhermur og aðra tjáningu.“

Verjendur telja, að hér á landi hafi verið ríkjandi frjálsræði í þessu tjáningarformi, skopmyndum. Lengi vel hafi verið gefið út blaðið Spegillinn, þar sem ýktar skopmyndir birtust af þeim, sem helst voru í sviðsljósinu á hverjum tíma, og skoplegum frásögnum af mönnum og málefnum. Þetta hafi létt mörgum skap og stytt þeim stundir, en þeir, sem voru skotspænir eða um var fjallað, hafi ekki tekið þetta svo alvarlega, að neinar málshöfðanir hafi risið af þessu efni. Frekar mun hins dæmi, að þeir stjórnmálamenn, sem hætt var að fjalla um, tækju það sér nærri, þar sem hitt hafi þótt merki þess, að eftir þeim væri tekið og störf þeirra í brennidepli. Skopmyndir Sigmunds í Morgunblaðinu undanfarin ár séu af sama toga og myndir Spegilsins. Þær séu engum ætlaðar til hnjóðs, heldur aðeins ætlað að draga fram með gam-

ansömum hætti ýmislegt, sem hverju sinni sé ofarlega á baugi í fréttum og fjölmiðlum. Þótt myndir þær, sem hér er ákært út af, séu ekki af neinni ákveðinni persónu, hafi ákærði Sigmund oft teiknað myndir af ýmsum ráðamönnum þjóðarinnar og erlendum mönnum, án þess að væri fundið við hann. Þar sem skorti á refsinaemisskilyrði vegna skopmynda yfirleitt, muni þess ekki dæmi, að menn hafi höfðað meiðyrðamál vegna þeirra, og ekki dæmi þess, að ákærvaldið hafi fyrr hafist handa um málshöfðun vegna skopmynda, þótt fremstu ráðamenn þjóðarinnar á öllum tímum hafi verið skotspæninir háðsins. Ef ákærða yrði dæmd áföll í máli þessu vegna skopmynda, væri í raun verið alvarlega að vega að tjáningarfrelsi með þessu móti. Í þessu sambandi sé einnig rétt að hafa í huga, að kærandi til ríkissaksóknara, Karl Schütz, hafi verið skotspónn háðs á öðrum vettvangi, þar sem var áramótaskaup Ríkisútvarpsins, Sjónvarps, á gamlárskvöld, án þess heyrst hafi, að þar af hafi leitt opinber málshöfðun.

3. Ákærði Matthías Jóhannessen segir í sínum framburði fyrir sakadómi: „Mætti kveðst mótmæla kröfunum á þeim forsendum, að menn hafi ekki leyfi til að vera svo humorslausir að taka skopmyndir svo alvarlega.“ Verjendur telja, að í þessum orðum sé verulegur sannleikur fólgin efnislega. Og þótt tæpast sé af alvöru hægt að taka undir, að menn eigi ekki að hafa leyfi til að vera húmorslausir, þá megi orða það svo, að menn að vísu ættu að mega vera húmorslausir sjálfir, meðan þeir ekki skaði húmorsneyslu annarra. Það eitt sé víst, að hláturinn lengi lífið og það þjóðfélag sé vel á vegi statt, sem almennt getur séð hinar bjartari hliðar og metið gaman og skop í hverju formi sem er, leik, myndum og máli. Eins og mál þetta beri að, felist í málshöfðuninni árás á tjáningarfrelsi. Og þess vegna sé þetta mál, sprottið af tveimur grínmyndum, í raun mikið alvörumál. Fyrst og fremst sé það alvörumál, að ríkissaksóknari taki upp málið og ákæri í því eftir heimild 108. gr. hgl., sem aðeins verndi opinbera starfsmenn, en sá, sem kærir, sé aðeins erlendur skammtímasterfsmaður íslenska ríkisins við tiltekin mál. Þá sé það og alvarlegt mál, að kærandi málsins misskilji svo hrapallega myndir þær, sem hann kærir út af, sem raun ber vitni. Haldi, að þær séu af sér, sem þær séu sannanlega ekki, og haldi, að með gerð þeirra sé verið að vega að sér persónulega og fortíð sinni, sem sé hreinn hugarburður hans. Verjendur telja, að mál þetta, þannig upp tekið á röngum og misskildum forsendum, yrði þá fyrst alvarlegt áfall fyrir tjáningarfrelsi manna, ef höfundur myndanna og rit-

stjórar blaðsins, sem birtu þær sem gamanmál, ættu að hljóta refsingu fyrir birtingu þeirra, án þess fyrir lægi nokkur subjectiv sök, og hljóta þar á ofan að greiða skaðabætur fyrir að birta grínmyndir, án þess þar í fælist nokkurt last um kæranda, frekar hól en hitt.

4. Verjendur halda því fram, að hvorug myndin hafi verið teiknuð til hnjóðs eða ámælis kæranda. Áhorfandinn, sem sjái myndir þessar, dragi engar þær ályktanir af þeim, sem kærandi geri. Myndin, er birtist 8. ágúst, sýni ýkta mynd af einkennisbúnum Þjóðverja, er knýr dyra hjá konu með kökukefli, en á bak við hana standi óttasleginn grímumaður, tákn brotamanns. Og konan spyrji: „Áttir þú nokkuð von á óvinsamlegri kveðju frá dómsmálaráðherra, góði.“ Heildarsvipur: Nú megi sakamenn fara að vara sig. Nú verði gengið rösklega fram í rannsókn sakamála.

Myndin, er birtist 2. september, sýni grímubúna menn (sakamenn), er telja sig aftur geta farið að anda rólega. Þeir hafi nú náð að gera leirmynd af nýju leynivopni löggunnar (Þjóðverja). Heildarmynd: Þar sem sakamenn hafi nú komist á snoðir um, hvernig Þjóðverjinn leit út, geti þeir væntanlega varað sig.

Þótt Þjóðverji sé auðkenndur með hakakrossi eða ógreinilegu SS merki, sem varla má greina í smásjá, geti ekki hver sem er af þýsku Þjóðerni tekið það upp sem aðdróttun um sig og sína fortið. Það felist alls ekki í myndinni. Og sé raunar jafnfráleitt og er Þjóðverji, er mætti konu með innkaupapoka frá Sláturfélagi Suðurlands, teldi það bera vott um persónulega móðgun við sig, að á pokaum stendur SS.

5. Loks benda verjendur á, að ritstjórar Morgunblaðsins báðust opinberlega afsökunar í blaðagrein, sem birt var á áberandi stað í blaðinu og með áberandi fyrirsögn, og lýstu því yfir, að það hefði aldrei verið ætlun þeirra eða teiknarans Sigmunds að færa fram meiðandi aðdróttanir í garð kæranda eða valda honum sársauka eða óþægindum. Telja verjendur, að slík afsökunarbeiðni dragi mjög úr bæði hugsanlegri refsíabyrgð og bótaskyldu.

VI.

Fallast má á það sjónarmið kæranda, Karls Schütz, sem ákæruvaldið hefur tekið undir, að í hinum umdeildu myndum felist ærumeiðandi aðdróttun, til þess fallin, eins og á stóð, að torvelða störf kæranda sem lögregluþjóns og skerða virðingu hans og álit. Ríkissaksóknari hefur réttilega heimfært gerð og birtingu um-

ræddra mynda undir refsíákvæði 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt hinni sérstöku ábyrgðarreglu 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956 ber höfundur því aðeins refsí- og fébótaábyrgð á efni rits, að hann hafi nafngreint sig. Sé nafngreining höfundar ófullnægjandi, ber útgefandi rits og ritstjóri ábyrgðina. Með þessari sérstöku ábyrgðarreglu er að öðru leytinu viðurkennd heimild höfunda til nafnleyndar, enda ljóst, að nafnleyndarrétturinn er í reynd mikilvægur hinu stjórnarskrárverndaða prentfrelsi. Að hinu leytinu mun regla þessi eiga stoð í því, er nefna má húsbóndaábyrgðarsjónarmið, en þeirra gætir einkum um launaða starfsmenn blaða, þ. e. menn er hafa atvinnu af því að framleiða efni til birtingar undir umsjón, eftirliti og að fyrir-mælum ritstjóra, efni, sem ritstjórar yfirfara og velja úr og bera samkvæmt almennum sjónarmiðum siðferðilega ábyrgð á.

Á teiknaða umgerð eða ramma um myndir þær, er mál þetta snýst um, er ritað auðkennið SIGMUND, en frá nafni höfundar er ekki skýrt að öðru leyti. Eins og auðkenningu myndanna er háttað, verður ekki talið, að hér sé um nægilega nafngreiningu að ræða í merkingu 15. gr. laga nr. 57/1956, og skiptir hér ekki máli, þótt ákærði Sigmund Jóhannsson, sem starfaði á umræddu tímabili sem teiknari við Morgunblaðið, hafi lýst því yfir, að hann sé höfundur myndanna og beri ábyrgð á gerð þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 verður ábyrgð á umræddum teikningum og birtingu þeirra því lögð á ritstjóra blaðsins. ákærðu Matthías Jóhannessen og Styrmi Gunnarsson.

Samkvæmt þessu verður því ákærði Sigmund Jóhannsson sýknaður af öllum kröfum í málinu og skipuðum verjanda hans, Jóni Hjaltasyni hæstaréttarlögmanni, dæmd málsvarnarlaun, kr. 100.000, er greiðist úr ríkissjóði, en kröfur ákæruvaldsins á hendur ákærða Matthíasi Jóhannessen og ákærða Styrmi Gunnarssyni verða á hinn bóginn teknar til greinna sem hér segir:

1. Refsing, samanber 1. tölulið í ákæru, þykir hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð kr. 25.000, og er þá tekið tillit til þeirra miklu málsbóta, er felast í afsökunarbeiðni þeirri, er birtist í Morgunblaðinu hinn 9. september 1976.

Með vísan til niðurlagsákvæðis 7. gr. laga nr. 101/1976 um breytingu á 53. gr. alm. hgl., sbr. og 4. mgr. 166. gr. laga nr. 74/1974, þykir ekki eiga við að tiltaka hér vararefsingu, þar sem í dómi þessum er eigi tekin bein afstaða til þess, hvort

- háttsemi hinna ákærðu ritstjóra teljist sagnæm í refsiréttarlegri merkingu þess hugtaks.
2. Miskabætur, samanber 2. tölulið ákæru, þykja hæfilega ákveðnar kr. 100.000, og er þá tekið tillit til þess, að ummæli þau um Karl Schütz, er birtust í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins, svo og yfirlýsingin frá 9. september voru mjög til þess fallin að draga úr tjóni hans.
 3. Fallast ber á kröfu um birtingu dómsins, samanber 3. tölulið ákæru, þó þannig, að hinum ákærðu ritstjórum er einvörðungu skyldt að birta I. og II. kafla dóms þessa, þar sem greint er frá kæruefni og málshöfðun, og VI. kafla, þar sem raktar eru hinar eiginlegu forsendur og dómsniðurstaða, en heimilt að sleppa III.—V. kafla, þar sem er að finna nánari reifun mála-vaxta, atvikalýsingu, aðiljaframburði og málsástæður lög-manna. Um skyldu til fullnægju þessa dómsákvæðis fer eftir 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1956.
 4. Ákærðu Matthías Jóhannessen og Styrmir Gunnarsson greiði með vísan til niðurlagsákvæðis fyrri málsliðar 2. mgr. 140. gr. laga 74/1974 allan kostnað sakarinnar, annan en þann, er fyrr er greindur, að meðtöldum málsvarnarlaunum skipaðs verj-anda síns, Guðmundar Pétursson hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000.

Már Pétursson héraðsdómari, sem hinn 19. október sl. var skipaður til þess að fara með mál þetta sem setudómari í Reykjavík, er hinn reglulegi dómari, Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, hafði vikið sæti í málinu, kvað upp dóm þennan.

Meðferð máls þessa hefur dregist nokkuð umfram venju, og er ástæðan einkum annir dómarans við dómsmál í eigin umdæmi, sem síður þoldu bið.

Dómsorð:

Ákærði Sigmund Jóhannsson á að vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Málsvarnarlaun skipaðs verj-anda hans, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Matthías Jóhannessen greiði sekt að fjárhæð kr. 25.000 til ríkissjóðs.

Ákærði Styrmir Gunnarsson greiði sekt að fjárhæð kr. 25.000 til ríkissjóðs.

Ákærðu Matthías Jóhannessen og Styrmir Gunnarsson

greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan Karli Schütz miskabætur að fjárhæð kr. 100.000.

Ákærðu Matthías Johannessen og Styrmir Gunnarsson, ritstjórar Morgunblaðsins, skulu birta I., II. og VI. kafla dóms þessa svo og dómsorð í 1. eða 2. tölublaði blaðs síns, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Ákærðu Matthías Johannessen og Styrmir Gunnarsson greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan allan sakarkostnað, er þeim við kemur, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmans, kr. 100.000.

Þriðjudaginn 21. febrúar 1978.

Nr. 52/1977. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Úlfari Ólafssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Manndráp. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóm kvað upp Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri.

Eftir uppsögu héraðsdóms var álitserð Gísla Á. Þorsteinssonar, sérfræðings í tauga- og geðsjúkdómum, dags. 18. ágúst 1976, um geðheilsu og sakhæfi ákærða borin undir Læknaráð, er staðfesti niðurstöðu álitserðarinnar 24. janúar 1978.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi gersí sekur um að svipta Guðbjörn Tryggvason lífi aðfararnótt 4.